

Ed.

291. Breytingartillögur

[97. mál]

við frv. til laga um brunavarnir og brunamál.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin hljóði svo:

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála.

Ráðherra skipar fimm manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar og tvo menn eftir tilnefningu Sambands íslenskra tryggingarféлага. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar, brunamálastjóra til að veita brunamálastofnuninni forstöðu, og skal hann vera verkfræðingur með sérþekkingu á brunamálum. Brunamálastjóri er jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, sem að brunamálum lýtur.

Brunamálastjóri ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar í samráði við ráðuneytið, og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

2. Við 11. gr. Greinin hljóði svo:

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna, samkvæmt ákvæðum í e-lið 31. gr. laga um almannatryggingar, nr. 40/1963. Þeir, sem verða fyrir beinu tjóni við störf í þágu brunavarna, eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af váttryggingarfélagi. Náist ekki samkomulag, skal tjónið metið af dómkvöðum mönnum.

3. Við 19. gr.

a. 3. málsg. hljóði svo:

Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum brunamálastjóra, veita mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau.

b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einungis þau kynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af brunamálastofnuninni.

4. Við 24. gr. 1. mgr. hljóði svo:

Í reglugerð skal kveða á um meðferð, flutning og varðveislu sprengiefnis. Einnig skal ráðherra setja reglugerð um meðferð og sölu skotelda.